

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 113/2010

2016/EES/18/03

frá 9. febrúar 2010

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 471/2009 um hagskýrslur Bandalagsins um utanríkisverslun við lönd utan Bandalagsins, að því er varðar þekju viðskiptanna, skilgreiningu gagna, samantekt hagskýrslna um verslun eftir fyrirtækjaeinkennum og gjaldmiðli vörureikninga, og sérstakar vörur eða hreyfingar á þeim (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

Evrópusambandsins) og um endurskoðun hagtalna til þess að tryggja samanburðarhæfar og nákvæmar tölur.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 471/2009 frá 6. maí 2009 um hagskýrslur Bandalagsins um utanríkisverslun við lönd utan Bandalagsins og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1172/95 <sup>(1)</sup>, einkum 3. gr. (2., 3. og 4. mgr.), 4. gr. (5. mgr.), 5. gr. (2. og 4. mgr.), 6. gr. (2. og 3. mgr.) og 8. gr. (1. og 2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 471/2009 er settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna evrópska hagskýrslugerð fyrir vöruviðskipti við lönd utan Bandalagsins.
- 2) Nauðsynlegt er að aðlaga umfang hagskýrslna um utanríkisverslun að sérstakri tollmeðferð til þess að koma í veg fyrir tvítalningu á flæði viðskipta og til að tilgreina þær vörur eða hreyfingar sem af aðferðafræðilegum ástæðum eru undanskildar hagskýrslum um utanríkisverslun.
- 3) Í þeim tilgangi að samræma samantekt hagskýrslna um utanríkisverslun ætti að tilgreina gögnin úr skráum um inn- og útflutning, þ.m.t. kóðana sem nota á.
- 4) Af aðferðafræðilegum ástæðum ætti að fastsetja ákvæði sem eiga við um tilteknar vörur eða hreyfingar.
- 5) Til þess að tryggja samræmda samantekt hagskýrslna um viðskipti eftir fyrirtækjaeinkennum, og samanteknar hagskýrslur um viðskipti sem eru sundurliðuð eftir gjaldmiðli vörureikninga, ætti að skilgreina aðferðafræðina við þessa hagskýrslugerð.
- 6) Mæla ætti fyrir um ákvæði varðandi skil gagna frá aðildarríkjum til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu

- 7) Kóðunum yfir tegund viðskipta ætti að breyta til þess að hægt sé að bera kennsl á vörur sem ætlaðar eru til vinnslu samkvæmt samningi, sem munu verða sendar til baka til hins upphaflega útflutningslands.
- 8) Samþykka ætti ráðstafanir sem tryggja framlagningu hagtölugagna þegar frekari einföldun formkragna við tollmeðferð og eftirlit myndi leiða til þess að tollgögn yrðu ekki aðgengileg, einkum einfaldanir skv. 116. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 450/2008 frá 23. apríl 2008 um tollalög Bandalagsins (tollalög færð til nútímahorfs) <sup>(2)</sup>.
- 9) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1917/2000 frá 7. september 2000 um tiltekin ákvæði til framkvæmdar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95 að því er varðar hagskýrslur um utanríkisviðskipti <sup>(3)</sup> ætti af þessum sökum að falla niður.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrslunefndar um vöruviðskipti við lönd utan Bandalagsins.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Undanskildar vörur og hreyfingar

Vörur og hreyfingar sem tilgreindar eru í I. viðauka skulu undanskildar í hagskýrslum um utanríkisverslun.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 37, 10.2.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2011 frá 30. september 2011 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 65, 1.12.2011, bls. 19.

(1) Stjtið. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 23.

(2) Stjtið. ESB L 145, 4.6.2008, bls. 1.

(3) Stjtið. EB L 229, 9.9.2000, bls. 14.

## 2. KAFLI

## GAGNASKILGREINING OG FORSKRIFT

## 2. gr.

## Kóðar fyrir flæði viðskipta

Nota skal eftirfarandi kóða um gögn úr tollskráum um flæði viðskipta:

- 1 — þegar innflutningur er skráður,
- 2 — þegar útflutningur er skráður.

## 3. gr.

## Viðmiðunartímabil

1. Viðmiðunartímabilið er almanaksárið og mánuðurinn þegar vörurnar voru fluttar inn eða út.

Þegar tollskýrsla er gagnalind fyrir færslum um inn- og útflutning skal viðmiðunartímabilið vera almanaksárið og mánuðurinn þegar töllyfirvöld samþykktu skýrsluna.

2. Viðmiðunartímabilið skal gefið með sex tölustafa kóða, þar sem fyrstu fjórir stafirnir merkja árið og síðustu tveir stafirnir merkja mánuðinn.

## 4. gr.

## Tölfræðilegt verðmæti

1. Tölfræðilegt verðmæti skal byggjast á vermæti varanna á þeim tímapunkti og á þeim stað sem þær fara yfir landamærin til aðildarríkis ákvörðunarstaðar, við innflutning, og landamærum aðildarríkis þar sem útflutningurinn á sér raunverulega stað, við útflutning.

Tölfræðilegt verðmæti skal reiknað út á grundvelli verðmætis varanna sem um getur í 2. mgr. og, ef nauðsyn krefur, leiðrétt fyrir flutnings- og tryggingarkostnaði skv. 4. mgr.

2. Að því er varðar matsreglur verðmætis sem mælt er fyrir um í samkomulaginu um framkvæmd VII. gr. hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti (samningur Alþjóða-viðskiptastofnunarinnar (WTO) um tollverðsákvörðun), skal verðmæti inn- eða útflutningsvara vera:

- a) við sölu eða kaup, verðið sem í raun var greitt eða greiða á fyrir hinar inn- eða útfluttu vörur, að undanskildu geðþótta- eða falsvirði,
- b) í öðrum tilvikum, verðið sem greitt hefði verið við sölu eða kaup.

Tollverðið skal notað ef það er ákveðið samkvæmt tollalögunum fyrir vörur sem afgreiddar eru í frjálst flæði.

3. Verðmæti vara, sem eru hluti af vinnsluaðgerðum, skal ákvarðað á vergum grunni á eftirfarandi hátt:

- a) verðmæti óunninna vara skal sett á vörur sem ætlaðar eru til vinnslu,
- b) verðmæti óunninna vara að viðbættum virðisaukanum af vinnslunni skal sett á vörur eftir vinnslu.

4. Verðmætið, eins og um getur í 2. og 3. mgr., skal aðlagð, ef nauðsyn krefur, á þann hátt að tölfræðilegt gildi innihaldi eingöngu og að fullu flutnings- og tryggingakostnaðinn sem fellur á við afhendingu varanna frá brottfararstað þeirra:

- a) til landamæra aðildarríkis ákvörðunarstaðar við innflutning (Cif-verðmæti),
- b) til landamæra aðildarríkisins þar sem útflutningurinn á sér raunverulega stað við útflutning (Fob-verðmæti).

5. Tölfræðilegt verðmæti skal tilgreint í innlendum gjaldmiðli hvers aðildarríkis þar sem tollskýrslan er lögð inn. Ef þörf er á að umreikna gjaldmiðilinn til að tilgreina tölfræðilegt verðmæti í innlendum gjaldmiðli hvers ríkis skal gengið sem notað er vera:

- a) gengið sem við á samkvæmt ákvæðunum um umreikning gjaldmiðils sem mælt er fyrir um í tollalögunum á þeim tíma sem tollskýrslan er samþykkt, eða að öðrum kosti,
- b) viðmiðunargengið á þeim tíma sem vörurnar eru fluttar inn eða fluttar út sem Seðlabanki Evrópu ákvarðar fyrir aðildarríki sem tilheyrir evrusvæðinu, eða opinbera gengið ákvarðað af aðildarríkjum sem ekki tilheyrir evrusvæðinu.

## 5. gr.

## Magn

Gögn um magn skulu tilgreind á eftirfarandi hátt:

- a) nettóþyngd gefin upp í kílóum, þ.e. þyngd varanna að undanskildum öllum umbúðum, og
- b) eftir atvikum, viðbótareiningin sem gefin er upp í viðeigandi mælieiningu samkvæmt sameinuðu nafnaskránni sem í gildi er.

## 6. gr.

## Inn- og útflutningsaðildarríki

1. Gögn um inn- eða útflutningsaðildarríki skulu kóðuð í samræmi við landa- og svæðaflokkunarkerfið fyrir hagskýrslur um utanríkisverslun Evrópusambandsins og um verslun milli aðildarríkja eins og framkvæmdastjórnin mælir fyrir um, hér á eftir nefnt „GEONOM-flokkunarkerfið“.

2. Í gögnunum um aðildarríkið þar sem tollskýrslan er lögð inn skal koma fram til töllyfirvalda hvaða aðildarríkis tollskýrslan hefur verið lögð inn, eða ef notuð er einfölduð afgreiðsla eins og hún er skilgreind í tollalögunum, hjá hvaða töllyfirvöldum viðbótaryfirlýsingin hefur verið lögð fram, þ.m.t. viðeigandi færsla í skrár skýrslugjafa, ef töllyfirvöld leyfa.

3. Við innflutning skal, í gögnunum um aðildarríki ákvörðunarstaðar, tilgreina aðildarríkið sem vitað er, á tíma innlagðar tollskýrslu til tollmeðferðar, að vörurnar verða sendar til án þess að nokkur viðskipti eða aðrar aðgerðir eigi sér stað sem breyta réttarstöðu varanna í aðildarríki sem vörurnar koma við í.

Í gögnunum skal að öðrum kosti tilgreina aðildarríkið þar sem vörurnar eru staðsettar á tíma innlagnar til tollmeðferðar.

Þegar vörur eru fluttar inn í því skyni að vinna þær undir tolftefirliti skal aðildarríki ákvörðunarstaðar vera aðildarríkið þar sem fyrsta vinnsla á sér stað.

4. Við útflutning skal, í gögnunum um aðildarríki þar sem útflutningurinn á sér raunverulega stað, tilgreina aðildarríkið sem vitað er, á tíma innlagnar til tollmeðferðar, að vörurnar verða sendar til án þess að nokkur viðskipti eða aðrar aðgerðir eigi sér stað í aðildarríki, sem vörurnar koma við í, sem breytir réttarstöðu varanna fyrir innlög til tollmeðferðar.

Þegar vörur eru fluttar út eftir vinnslu undir tolftefirliti skal aðildarríkið þar sem síðasta vinnsla átti sér stað vera aðildarríkið þar sem útflutningurinn á sér raunverulega stað.

#### 7. gr.

##### Viðskiptalönd

1. Gögn um viðskiptalönd skulu kóðuð í samræmi við GEONOM-flokkunarkerfið sem í gildi er.

2. Við innflutning skal, í gögnunum um upprunalandið, tilgreina landið þar sem vörurnar voru framleiddar að fullu eða síðasta verulega umbreytingin átti sér stað í samræmi við ákvæðin í tollalögunum þar sem kveðið er á um uppruna sem fellur ekki undir ívilnanir.

Í gögnunum um sendingarlandið skal tilgreina landið utan Bandalagsins þaðan sem vörurnar voru sendar til aðildarríkis ákvörðunarstaðar, án þess að nokkur viðskipti eða aðrar aðgerðir eigi sér stað í landi utan Bandalagsins sem vörurnar koma við í sem breytir réttarstöðu varanna.

3. Við útflutning skal, í gögnum um síðasta þekkta ákvörðunarlandið, tilgreina síðasta landið utan Bandalagsins sem vitað er, á tíma innlagnar til tollmeðferðar eða viðurkennds tollferils, að afhenda eigi vörurnar.

#### 8. gr.

##### Vörukóðar

Gögnin um vörur skulu vera kóðuð:

- fyrir innflutning samkvæmt vörukóðum undirliða TARIC-kerfisins,
- fyrir útflutning samkvæmt vörukóðum undirliða í sameinuðu tollnafnaskránni.

#### 9. gr.

##### Hagskýrslumeðferð

1. Í hagskýrslumeðferðinni skulu tilgreind hin ólíku einkenni sem notuð eru til að aðgreina færslur, einkum samkvæmt stöðu þeirra í þeirri tollmeðferð sem þær heyra undir.

2. Kóðinn fyrir hagskýrslumeðferðina skal vera kóði sem, ef við á, er dreginn af fjögurra stafa kóðanum fyrir tollmeðferð samkvæmt tollalögunum. Nota skal eftirfarandi kóða:

- venjulegur inn- eða útflutningur,
- inn- eða útflutningur sem fellur undir tollmeðferð vöru sem flutt er til landsins til vinnslu og síðan flutt út aftur eftir vinnslu,
- inn- eða útflutningur sem fellur undir tollmeðferð vöru sem flutt er út frá landinu til vinnslu og síðan flutt inn aftur eftir vinnslu,
- inn- eða útflutningur sem ekki er skráður í tollskýrslum.

#### 10. gr.

##### Tegund viðskipta

1. Með tegund viðskipta skulu tilgreind hin ólíku einkenni sem krafist er til að ákvarða þekju vöruviðskipta og byggjast á tollskýrslum, í þeim tilgangi að samþætta hagskýrslur um greiðslujöfnuð- og þjóðhagsreikninga, sem og önnur einkenni sem eru mikilvæg fyrir hagskýrslur.

2. Gögnin um tegund viðskipta skulu kóðuð eins og tilgreint er í II. viðauka. Aðildarríki skulu nota kóðana í dálki A eða samsetningu kóðanna í dálki A og undirskiptingu þeirra í dálki B sem tiltekin er í þeim viðauka.

#### 11. gr.

##### Ívilnandi meðferð innflutnings

1. Tollferlið, sem tiltekið er með ívilnunarkóðanum samkvæmt flokkuninni sem mælt er fyrir um í tollalögunum, gefur gögn um ívilnandi meðferð.

2. Gögnin skulu vísa til hinnar ívilnandi meðferðar sem tollyfirvöldin hafa beitt eða veitt.

#### 12. gr.

##### Flutningsmáti

1. Gögnin um flutningsmáta við landamæri og flutningsmáta innan ESB skulu kóðuð eins og sett er fram í III. viðauka.

Með flutningsmátanum við landamæri skal tilgreindur sá virki flutningsmáti sem reiknað er með að vörurnar fari með, við útflutning, þegar þær yfirgefa hagskýrslusvæði Evrópusambandsins og, við innflutning, sem reiknað er með að vörurnar hafi komið með inn á hagskýrslusvæði Evrópusambandsins.

Með flutningsmátanum innan ESB skal tilgreindur, ef við á, sá virki flutningsmáti innan ESB sem að komu vörunum, við innflutning, á áfangastaðinn eða, reiknað er með að hafi gilt, við útflutning, að þær yfirgáfu brottfararstaðinn með.

2. Eftirfarandi kóðar skulu notaðir fyrir gögn um gáma:
- 0 — ef vörur eru ekki fluttar með gámum þegar þær fara yfir landamæri hagskýrslusvæðis Evrópusambandsins,
- 1 — ef vörur eru fluttar með gámum þegar þær fara yfir landamæri hagskýrslusvæðis Evrópusambandsins.

*13. gr.*

**Auðkenning viðskiptaaðila**

Gögn um viðskiptaaðila skulu vera viðeigandi auðkennisnúmer sem er úthlutað til innflytjandans/viðtakandans, við innflutning, og útflytjandans/sendandans, við útflutning.

*14. gr.*

**Gjaldmiðill vörureiknings**

Gögn um gjaldmiðil vörureikningsins skulu, ef við á, fengin úr tollskýrslunni og kóðuð á eftirfarandi hátt:

- 0 — þegar gjaldmiðillinn er tiltekinn í innlendum gjaldmiðli aðildarríkja sem ekki tilheyra evrusvæðinu,
- 1 — þegar gjaldmiðillinn er tiltekinn í evrum,
- 2 — þegar gjaldmiðillinn er tiltekinn í Bandaríkjadal,
- 3 — þegar gjaldmiðillinn er tiltekinn í öðrum gjaldmiðli en innlendum gjaldmiðli aðildarríkjanna sem ekki tilheyra evrusvæðinu, evru eða Bandaríkjadal.

3. KAFLI

**SAMANTEKT HAGSKÝRSLNA UM VIÐSKIPTI EFTIR FYRIRTÆKJAEINKENNUM OG UM VIÐSKIPTI SEM SUNDURLIÐUÐ ERU EFTIR GJALDMIÐLI VÖRUREIKNINGS**

*15. gr.*

**Samantekt hagskýrslna um viðskipti eftir fyrirtækjaeinkennum**

1. Innlend hagskýrslufirvöld skulu árlega taka saman hagskýrslur um viðskipti eftir fyrirtækjaeinkennum.
2. Hagskýrslueiningin skal vera fyrirtæki eins og skilgreint er í viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93 <sup>(4)</sup>.
3. Hagskýrslueiningar eru myndaðar með því að tengja auðkennisnúmer viðskiptaaðilans skv. 13. gr. við löggilta einingu í fyrirtækjaskránni skv. breytunni 1.7a sem um getur í viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 177/2008 <sup>(5)</sup>.
4. Til þess að tryggja að hægt sé að bera kennsl á viðskiptaaðilann og viðhalda tengingu við fyrirtækjaskrána, skulu

innlend hagskýrslufirvöld hafa aðgang að skráningar- og auðkennisgögnunum um rekstraraðila sem kveðið er á um í tollaákvæðum Evrópusambandsins. Yfirvöldin sem ábyrg eru fyrir að úthluta skráningar- og auðkennisnúmerinu til rekstraraðila skulu, að ósk innlendra hagskýrslufirvalda, veita aðgang að gögnum sem tilgreind eru í viðauka 38d við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93 <sup>(6)</sup>.

5. Taka skal saman eftirfarandi skráningaratriði:

- a) flæði viðskipta,
- b) tölfræðilegt verðmæti,
- c) viðskiptaland,
- d) vörukóða, samkvæmt bálki eða tveggja tölustafa þrepi eins og skilgreint er í viðauka reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 451/2008 <sup>(7)</sup>,
- e) fjölda fyrirtækja,
- f) starfsemi fyrirtækisins samkvæmt bálki eða tveggja tölustafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (NACE) eins og mælt er fyrir um í I. viðauka reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 <sup>(8)</sup>,
- g) stærðarflokk, m.t.t. fjölda starfsmanna samkvæmt skilgreiningunum á einkennum fyrir hagskýrslur um fyrirtækjatölfræði eins og mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 250/2009 <sup>(9)</sup>.

6. Taka skal saman eftirfarandi gagnasöfn:

- a) hlutföll þess hversu mörg auðkennisnúmer fundu samsvörum á milli verslunar- og fyrirtækjaskráa,
- b) verslun eftir starfsemi og stærðarflokki fyrirtækis,
- c) hlutdeild stærstu fyrirtækja með tilliti til verðmætis verslunar eftir starfsemi,
- d) verslun eftir viðskiptalandi og starfsemi,
- e) verslun eftir fjölda viðskiptalanda og starfsemi,
- f) verslun eftir vörum og starfsemi.

7. Fyrsta viðmiðunarárið sem árleg samantekt hagskýrslna fer fram skal vera 2010. Aðildarríkin skulu skila gögnum fyrir hvert almanaksár eftir það.

8. Hagskýrslum skal skilað eigi síðar en 18 mánuðum frá lokum viðmiðunarársins.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 76, 30.3.1993, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 61, 5.3.2008, bls. 6.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 253, 11.10.1993, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 145, 4.6.2008, bls. 65.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1.

<sup>(9)</sup> Stjtið. ESB L 86, 31.3.2009, bls. 1.

9. Aðildarríki skulu tryggja að hagtolur séu útbúnar á þann hátt að þegar framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) gerir þær opinberar sé ekki mögulegt að bera kennsl á einstök fyrirtæki eða viðskiptaaðila. Innlend hagskýrslu-yfirlögd skulu tilgreina hvaða gögn eru bundin trúnaðarkvöð.

16. gr.

#### Samantekt hagskýrslna um verslun sem sundurliðuð er eftir gjaldmiðli vörureiknings

1. Innlend hagskýrslu-yfirlögd skulu árlega taka saman hagskýrslur um verslun sem sundurliðuð er eftir gjaldmiðli vörureiknings.

2. Hagskýrslurnar skulu innihalda eftirfarandi skráningaratriði:

- flæði viðskipta,
- tölfræðilegt verðmæti,
- gjaldmiðil vörureiknings samkvæmt kóðuninni í 14. gr.,
- allar vörur og sundurliðun þeirra samkvæmt flokkum og deildum hinnar alþjóðlegu vöruflokkunarskrár hagstofu Sameinuðu þjóðanna (e. *Standard International Trade Classification (SITC)*) sem í gildi er, með því að gefa upp eftirfarandi kóða:

- hráefni án olíu, samkvæmt SITC-flokkum 0–4 að undanskilinni deild 33,
- olía, samkvæmt SITC-deild 33,
- iðnaðarvörur samkvæmt SITC-flokkum 5–8.

3. Fyrsta viðmiðunarárið sem árleg samantekt hagskýrslna fer fram skal vera 2010. Aðildarríkin skulu taka saman gögn fyrir annað hvert almanaksár eftir það.

4. Hagtolurnar skulu sendar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) innan þriggja mánaða frá lokum viðmiðunarársins.

5. Gagnalindirnar skulu vera upplýsingarnar sem skráðar eru á tollskýrslum skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 471/2009. Ef gjaldmiðill vörureikningsins fyrir útflutning er ekki skráður í tollskýrslu skulu aðildarríki framkvæma könnun vegna samantektar á útflutningi eftir gjaldmiðli vörureiknings þannig að hagskýrslur með nákvæmum niðurstöðum fáiast.

#### 4. KAFLI

#### SÉRSTALAR VÖRUR EÐA SENDINGAR

17. gr.

#### Iðjuver

1. Í þessari grein er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „iðjuver“: safn af vélum, tólum, verkfærum, búnaði, áhöldum og efniviði sem saman mynda umfangsmiklar staðbundnar einingar til framleiðslu á vörum eða til að veita þjónustu,
- „ihlutur“: afhending til iðjuvers á vörum sem allar tilheyrja sama kafla sameinuðu nafnaskrárinnar,

c) vörukóði ihlutur skal samsettur á eftirfarandi hátt:

- fyrstu fjórir tölustafirnir skulu vera 9880,
- fimmti og sjötti tölustafurinn skulu samsvara SN-kaflanum sem vörur ihlutans tilheyrja,
- sjöundi og áttundi tölustafirnir skulu vera 0.

2. Aðildarríki geta tekið saman hagtolur um útflutning á ihlustagi með því skilyrði að heildar tölfræðilegt verðmæti ákveðins iðjuvers fari yfir þrjár milljónir evra, nema um sé að ræða heilt iðjuver til endurnýtingar. Samantekt á magni skal vera valfrjál.

18. gr.

#### Hlutasending á vörum

1. Að því er varðar þessa grein merkir „hlutasending á vörum“ afhendingu á ihlutum af heilum hlut, í ósamsettu eða sundurhlutuðu ástandi, sem, af viðskipta- eða flutningstengdum ástæðum, eru sendir yfir fleiri en eitt viðmiðunartímabil.

2. Viðmiðunartímabilið fyrir inn- eða útflutning hlutasendinga á vörum má aðlaga til að gögnin séu skráð aðeins einu sinni, eða nánar tiltekið í þeim mánuði þegar síðasta vörusendingin er flutt inn eða flutt út.

19. gr.

#### Sjó- og loftför

1. Í þessari grein er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „sjófar“: för á opnu hafi samkvæmt SN-kafla 89, dráttar-bátar, herskip og fljótandi mannvirki,
  - „loftfar“: flugvélar sem falla undir SN-númer 8802 30 og 8802 40,
  - „efnahagslegt eignarhald“: réttindi einstaklings eða lögaðila til að krefjast ábatans og samþykkja áhættu sem tengist notkun á sjófari eða loftfari í efnahagslegri starfsemi.
2. Hagskýrslur um utanríkisverslun skulu aðeins ná yfir eftirfarandi inn- og útflutning á sjó- og loftförum:
- yfirfærslu efnahagslegs eignarhalds á sjó- eða loftfari frá einstaklingi eða lögaðila sem hefur staðfestu í landi utan Bandalagsins til einstaklings eða lögaðila sem hefur staðfestu í innflutningsaðildarríkinu; á þessi viðskipti skal litið sem innflutning,
  - yfirfærslu efnahagslegs eignarhalds á sjó- eða loftfari frá einstaklingi eða lögaðila sem hefur staðfestu í útflutningsaðildarríki til einstaklings eða lögaðila sem hefur staðfestu í landi utan Bandalagsins; á þessi viðskipti skal litið sem útflutning. Ef sjó- eða loftfarið er nýtt er útflutningurinn skráður hjá aðildarríkinu þar sem það er smíðað,
  - inn- og útflutningur sjó- og loftfara fyrir eða eftir vinnslu samkvæmt samningi eins og skilgreint er í 2. athugasemd II. viðauka.

3. Hagskýrslur um utanríkisverslun að því er varðar verslun með sjó- og loftför skulu teknar saman á eftirfarandi hátt:

- a) magnið skal gefið upp í stykkjatali og sérhverjum öðrum viðbótareiningum sem mælt er fyrir um í sameinuðu nafnaskránni, fyrir sjóför, og í nettóþyngd og viðbótareiningum, fyrir loftför,
- b) flutnings- og tryggingarkostnaður skal undanskilinn tölfraðilegu verðmæti,
- c) viðskiptalandið skal vera:
  - i. fyrir innflutning, það land utan Bandalagsins þar sem einstaklingur eða lögaðili sem framselur efnahagslegt eignarhald á sjó- eða loftfari hefur staðfestu eða, fyrir útflutning, það land utan Bandalagsins þar sem einstaklingur eða lögaðili sem yfirtekur efnahagslegt eignarhald á sjó- eða loftfari hefur staðfestu, að því er viðkemur hreyfingum sem um getur í a- og b- lið 2. mgr.,
  - ii. fyrir innflutning, það land utan Bandalagsins þar sem sjó- eða loftfarið er smíðað, ef um er að ræða ný sjó- eða loftför sem eru smíðuð utan Evrópusambandsins,
  - iii. fyrir innflutning, það land utan Bandalagsins þar sem einstaklingur eða lögaðili sem hefur efnahagslegt eignarhald á sjó- eða loftfari hefur staðfestu, eða, fyrir útflutning, það land utan Bandalagsins þar sem vinnsla samkvæmt samningi á sér stað, að því er viðkemur hreyfingum sem um getur í c- lið 2. mgr.,
- d) viðmiðunartímabilið fyrir inn- og útflutning sem um getur í a- og b- lið 2. mgr. skal vera mánuðurinn þegar yfirfærslan á efnahagslegu eignarhaldi á sér stað.

4. Að beiðni innlendra hagskýrsluyfirvalda skulu yfirvöldin sem ábyrg eru fyrir umsjón með sjó- og loftfaraskráningum veita allar tiltækar upplýsingar til þess að hægt sé að greina breytingu á efnahagslegu eignarhaldi á sjó- eða loftfari milli einstaklings eða lögaðila sem hefur staðfestu í aðildarríki og einstaklings eða lögaðila sem hefur staðfestu í landi utan Bandalagsins.

20. gr.

#### Vörur afhentar í sjó- og loftför

1. Í þessari grein er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „afhending vara í sjó- og loftför“ merkir afhendingu vara til áhafnarinnar og farpeganna, og til rekstrar á hreyflum, vélum og öðrum búnaði sjó- og loftfara,
- b) líta skal svo á að sjó- eða loftfar tilheyri landinu þar sem einstaklingur eða lögaðili, sem hefur efnahagslegt eignarhald á sjó- eða loftfari, hefur staðfestu, eins og skilgreint er í c- lið 1. mgr. 19. gr.

2. Hagskýrslur um utanríkisverslun skulu ná yfir útflutning á vörum sem afhentar eru frá yfirráðasvæði útflutningsaðildarríkisins í sjó- og loftför sem tilheyra landi utan Bandalagsins.

3. Aðildarríki geta notað eftirfarandi vörukóða fyrir vörur sem afhentar eru í sjó- og loftför:

- 9930 24 00: vörur í SN-köflum 1 –24,
- 9930 27 00: vörur í SN-kafla 27,
- 9930 99 00: vörur sem flokkaðar eru annars staðar.

Afhending gagna um magn er valfrjálst, að undanskildum vörum sem tilheyra 27. kafla í sameinuðu nafnaskránni.

Auk þess má nota hinn einfaldaða viðskiptalandakóða „QS“.

21. gr.

#### Vörur afhentar til og frá stöðvum á hafi úti

1. Í þessari grein er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „stöð á hafi úti“: búnaður og tæki sem sett hafa verið upp og eru staðbundin á hafi utan hagskýrslusvæðis tiltekins lands,
- b) „vörur sem afhentar eru í stöðvar á hafi úti“: afhending vara til áhafnar og til rekstrar á hreyflum, vélum og öðrum búnaði stöðva á hafi úti,
- c) „vörur sem fengnar eru frá eða framleiddar af stöð á hafi úti“: afurðir sem dregnar eru úr hafsbotni eða botnlögum, eða framleiddar af stöð á hafi úti.

2. Í hagskýrslur um utanríkisverslun skal skrá:

- a) innflutning, hvaðan vörur eru afhentar:
  - i. frá landi utan Bandalagsins til stöðvar á hafi úti sem staðsett er á svæði þar sem innflutningsaðildarríkið hefur einkarétt á nýtingu hafsbotns eða botnlaga,
  - ii. frá stöð á hafi úti, sem staðsett er á svæði þar sem land utan Bandalagsins hefur einkarétt á nýtingu hafsbotns eða botnlaga, til innflutningsaðildarríkisins,
  - iii. frá stöð á hafi úti sem staðsett er á svæði þar sem land utan Bandalagsins hefur einkarétt á nýtingu hafsbotns eða botnlaga til stöðvar á hafi úti á svæði þar sem innflutningsaðildarríkið hefur einkarétt á nýtingu hafsbotns eða botnlaga,
- b) útflutning, hvaðan vörur eru afhentar:
  - i. til lands utan Bandalagsins frá stöð á hafi úti sem staðsett er á svæði þar sem útflutningsaðildarríkið hefur einkarétt á nýtingu hafsbotns eða botnlaga,

- ii. til stöðvar á hafi úti sem staðsett er á svæði þar sem land utan Bandalagsins hefur einkarétt á nýtingu hafsbots eða botnlaga frá útflutningsaðildarríkinu,
- iii. til stöðvar á hafi úti sem staðsett er á svæði þar sem land utan Bandalagsins hefur einkarétt á nýtingu hafsbots eða botnlaga frá stöð á hafi úti sem staðsett er á svæði þar sem útflutningsaðildarríkið hefur einkarétt á nýtingu hafsbots eða botnlaga.

3. Aðildarríki geta notað eftirfarandi vörukóða fyrir vörur sem afhentar eru í stöðvar á hafi úti:

- 9931 24 00: vörur í 1. – 24. kafla sameinuðu nafnaskrárinnar,
- 9931 27 00: vörur í 27. kafla sameinuðu nafnaskrárinnar,
- 9931 99 00: vörur sem flokkaðar eru annars staðar.

Afhending gagna um magn er valfrjálst, að undanskildum vörum sem tilheyra 27. kafla sameinuðu nafnaskrárinnar.

Auk þess má nota hinn einfaldaða viðskiptalandakóða „QW“.

#### 22. gr.

##### Sjávarafurðir

1. Í þessari grein er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
  - a) „sjávarafurðir“: fiskafurðir, jarðefni, bjargmunir og allar aðrar afurðir sem hafskip hafa enn ekki komið með að landi,
  - b) líta skal svo á að sjóför tilheyri landinu þar sem einstaklingur eða lögaðili, sem hefur efnahagslegt eignarhald á sjófarinu, hefur staðfestu, eins og skilgreint er í c- lið 1. mgr. 19. gr.
2. Hagskýrslur um utanríkisverslun skulu ná yfir eftirfarandi inn- og útflutning á sjávarafurðum:
  - a) löndun sjávarafurða í höfnum innflutningsaðildarríkisins, eða öflun þeirra með sjóförum sem tilheyra innflutningsaðildarríkinu úr sjóförum sem tilheyra landi utan Bandalagsins; og er farið með þessi viðskipti sem innflutning,
  - b) löndun sjávarafurða í höfnum lands utan Bandalagsins úr sjóförum sem tilheyra útflutningsaðildarríkinu, eða öflun þeirra með sjóförum sem tilheyra landi utan Bandalagsins úr sjóförum sem tilheyra útflutningsaðildarríkinu; og er farið með þessi viðskipti sem útflutning.
3. Við innflutning skal viðskiptalandið vera það land utan Bandalagsins þar sem einstaklingur eða lögaðili, sem hefur efnahagslegt eignarhald á sjófarinu sem stundar veiðarnar, er með staðfestu og, við útflutning, það land utan Bandalagsins

þar sem sjávarafurðunum er landað eða þar sem einstaklingur eða lögaðili, sem hefur efnahagslegt eignarhald á sjófarinu sem aflar sjávarafurðanna er með staðfestu.

4. Að því tilskildu að það stangist ekki á við önnur ákvæði í lögum Sambandsins skulu innlend hagskýrsluyfirvöld hafa aðgang að öðrum gagnalindum en tollskýrslum, t.d. upplýsingum um landanir skráðra sjófara innanlands á sjávarafurðum í löndum utan Bandalagsins.

#### 23. gr.

##### Geimför

1. Í þessari grein er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
  - a) „geimför“: farartæki sem geta ferðast utan lofthjúps jarðar,
  - b) „efnahagslegt eignarhald“: réttindi einstaklings eða lögaðila til að krefjast ábatans og samþykkja áhættu sem tengist notkun á geimfari í efnahagslegri starfsemi.
2. Það að skjóta á loft geimfari þar sem efnahagslegt eignarhald hefur verið flutt á milli einstaklings eða lögaðila sem hefur staðfestu í landi utan Bandalagsins og einstaklings eða lögaðila sem hefur staðfestu í aðildarríki, skal skrá sem:
  - a) innflutning í aðildarríkinu þar sem nýi eigandinn hefur staðfestu,
  - b) útflutning í aðildarríkinu þar sem hið fullunna geimfar var smíðað.
3. Eftirfarandi sértæk ákvæði skulu gilda um hagskýrslurnar sem um getur í 2. mgr.:
  - a) gögnin um tölfræðilegt verðmæti skulu skilgreind sem verðmæti geimfarsins, að undanskildum flutnings- og tryggingarkostnaði,
  - b) gögnin um viðskiptalandið skulu, við innflutning, vera það land utan Bandalagsins þar sem hið fullunna geimfar var smíðað og, við útflutning, það land utan Bandalagsins þar sem nýi eigandinn er með staðfestu.
4. Að því tilskildu að það stangist ekki á við önnur ákvæði í lögum Sambandsins skulu innlend hagskýrsluyfirvöld, til viðbótar við tollskýrslur, hafa aðgang að öllum tiltækum gagnalindum sem nauðsynlegar eru til að farið sé að þessari grein.

#### 24. gr.

##### Raforka og gas

1. Til viðbótar við tollskýrslur geta innlend hagskýrsluyfirvöld farið fram á að upplýsingar sem skipta máli fyrir skráningu inn- og útflutnings á raforku og gasi milli hagskýrslusvæðis aðildarríkisins og landa utan Bandalagsins séu veittar beint af rekstraraðilunum sem eiga eða reka dreifikerfi fyrir rafmagn eða gas.

2. Tölfræðileg verðmæti sem sent er til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) má byggjast á mati. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópusambandsins) um aðferðafræðina sem er notuð við matið áður en því er beitt.

25. gr.

#### **Hergögn**

1. Hagskýrslur um utanríkisverslun skulu ná yfir inn- og útflutning á vörum ætluðum til hernaðarlegra nota.

2. Aðildarríki geta sent upplýsingar sem ekki eru eins nákvæmar og tiltekið er í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 471/2009 þegar upplýsingarnar falla undir hernaðarleynd í samræmi við gildandi skilgreiningar í aðildarríkinu. Þó skal að lágmarki senda gögn um heildar mánaðarlegt tölfræðilegt verðmæti inn- og útflutnings til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins).

5. KAFLI

#### **LOKAÁKVÆÐI**

26. gr.

#### **Afhending evrópskra hagtalna um inn- og útflutning vara**

1. Aðildarríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að gögnin sem send eru til framkvæmdastjórnarinnar

(Hagstofu Evrópusambandsins) séu tæmandi og fari að þeim gæðamælikvörðum sem tilgreindir eru í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 471/2009.

2. Hagtölurnar sem sendar eru til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) skulu gefnar upp í gjaldmiðli aðildarríkisins sem tekur þær saman.

3. Ef endurskoða þarf mánaðarlega niðurstöðu sem þegar hefur verið send til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) skulu aðildarríkin senda endurskoðaðar niðurstöður eigi síðar en í mánuðinum eftir að endurskoðuð gögn urðu tiltæk.

27. gr.

#### **Niðurfelling**

Reglugerð (EB) nr. 1917/2000 er hér með felld úr gildi frá og með 1. janúar 2010.

Hún skal gilda áfram um gögn sem eiga við um viðmiðunar-tímabil fyrir 1. janúar 2010.

28. gr.

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. janúar 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2010.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*



*I. VIÐAUKI***SKRÁ YFIR VÖRUR OG HREYFINGAR SEM UNÐANSKILDAR ERU HAGSKÝRSLUM UM  
UTANRÍKISVERSLUN**

- a) gulleign seðlabanka,
- b) greiðslumiðlar sem eru löglegir gjaldmiðlar og verðbréf, þ.m.t. miðlar sem borgað er með fyrir þjónustu á borð við póstburðargjöld, skatta, notkunargjöld,
- c) vörur til eftirfarandi tímabundinnar notkunar (þ.e. leigu, láns, rekstrarleigu), svo fremi öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
  - engin vinnsla er eða var áætluð eða framkvæmd,
  - tímalengd áætlaðrar tímabundinnar notkunar var eða er ekki fyrirhugað að vara lengur en í 24 mánuði,
  - engin breyting á eignarhaldi átti sér stað eða er fyrirhugað að eiga sér stað,
- d) vörur sem sendar eru á milli:
  - aðildarríkisins og lendna þess innan landa utan Bandalagsins og
  - gístaðildarríkisins og lendna landa utan Bandalagsins eða alþjóðastofnana.Undir lendur innan svæðis heyrja sendiráð og innlendir herafli sem staðsettur er utan yfirráðasvæðis heimalandsins,
- e) vörur sem notaðar eru til að flytja sérsniðnar upplýsingar þ.m.t. hugbúnað,
- f) hugbúnaður sem halaður er niður af Netinu,
- g) vörur látnar í té án endurgjalds, sem sjálfar eru ekki hluti af viðskiptum, að því tilskildu að flutningur þeirra sé eingöngu ætlaður til undirbúnings eða stuðnings fyrirhugaðra viðskipta, sem fylgja eiga í kjölfarið, með því að sýna fram á eiginleika vara eða þjónustu á borð við:
  - auglýsingaefni,
  - sýnishorn af vöru,
- h) vörur fyrir og eftir viðgerð, varahlutir sem eru hluti af viðgerðinni og hinir útskiptu gölluðu hlutir,
- i) flutningatæki sem notuð eru til verksins, þ.m.t. skotbúnaður fyrir geimför við geimskot,
- j) munnleg skil á upplýsingum um vörur til tolyfírvalda sem eru annaðhvort viðskiptalegs eðlis, að því tilskildu að verðmæti þeirra fari ekki yfir 1000 evrur eða 1000 kílóa viðmiðunarmörkin í hagskýrslum, eða ekki viðskiptalegs eðlis,
- k) vörur sem afgreiddar eru í frjálst fæði eftir að hafa farið í gegnum tollmeðferð vara sem sendar voru frá útlöndum til vinnslu innanlands eða vinnslu undir tollefirliti.

## II. VIÐAUKI

## SKRÁ YFIR TEGUNDIR VIÐSKIPTA

A	B
1. Viðskipti sem fela í sér raunverulega eða ætlaða yfirfærslu á eignarhaldi frá innlendum íbúum til erlendra gegn fjárhagslegu eða annars konar endurgjaldi (að undanskildum viðskiptum sem tilgreind eru undir 2, 7, 8)	1. Bein kaup/sala 2. Skoðunar- eða prufusendingar, vörusendingar með skilaretti og umboðsviðskipti 3. Vöruskiptaverslun (endurgjald í friðu) 4. Fjármögnunarleiga (kaupleiga) <sup>(1)</sup> 9. Annað
2. Skil og skipti á vörum án endurgjalds eftir skráningu hinna upphaflega viðskipta	1. Skil á vörum 2. Skipti á skiluðum vörum 3. Skipti (t.d. vegna ábyrgðar) á vörum sem ekki er skilað 9. Annað
3. Viðskipti sem fela í sér yfirfærslu eignarhalds án fjárhagslegs endurgjalds eða í friðu (t.d. flutningar á hjálpargögnum)	
4. Vörur ætlaðar er til vinnslu samkvæmt samningi <sup>(2)</sup> (án yfirfærslu á eignarhaldi til vinnsluaðilans)	1. Vörur sem búist er við að verði endursendar til hins upphaflega útflutningslands 2. Vörur sem ekki er búist við að verði endursendar til hins upphaflega útflutningslands
5. Vörur eftir vinnslu samkvæmt samningi (án yfirfærslu á eignarhaldi til vinnsluaðilans)	1. Vörur sem endursendar eru til hins upphaflega útflutningslands 2. Vörur sem ekki eru endursendar til hins upphaflega útflutningslands
6. Tiltekin viðskipti sem skráð eru vegna þarfa innanlands	
7. Vörur sem falla undir sameiginleg varnarverkefni eða aðrar sameiginlegar framleiðsluáætlanir á milli ríkja	
8. Viðskipti sem fela í sér afhendingu á byggingarefni og tæknibúnaði samkvæmt samningi um almenna byggingar- og mannvirkjagerð þar sem ekki er krafist sérstaks vörureiknings og reikningur vegna samningsins í heild er gefinn út	
9. Önnur viðskipti sem ekki er hægt að flokka undir öðrum kóðum	1. Leiga, lán, og rekstrarleiga lengur en í 24 mánuði 9. Annað
<sup>(1)</sup> Fjármögnunarleiga nær yfir starfsemi þar sem afborganir leigunnar eru reiknaðar út á þann hátt að þær ná yfir allt eða nánast allt virði varanna. Áhættan og ávinningurinn af eignarhaldinu er yfirfærður til leigutakans. Við lok samningsins verður leigutakinn löglegur eigandi varanna.	
<sup>(2)</sup> Vinnsla nær yfir starfsemi (umbreytingu, smíði, samsetningu, lagfæringu, endurnýjun ...) sem hefur að markmiði að framleiða nýjan eða raunverulega beturbættan hlut. Þetta felur ekki endilega í sér breytingu á vöruflokkuninni. Vinnsla fyrir eigin reikning vinnsluaðila fellur ekki hér undir og skal skráð undir 1. lið í dálki A.	

*III. VIÐAUKI***KÓÐUN FLUTNINGSMÁTA**

Kóði	Heiti
1	Sjóflutningar
2	Járnbrautarflutningar
3	Flutningar á vegum
4	Flutningar í lofti
5	Póstsending
7	Fast flutningamannvirki
8	Flutningar á skipgengum vatnaleiðum
9	Með eigin vélarafl